

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 Flatahverfi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 29. september 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni Garðagrund 3 í klasa 1 og 2, Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur er færður að norðurhlið lóðar við gangstíg, og eru 3 metrar í lóðarmörk. Einnig að byggingarreitur er lengdur að lóðarmörkum í endum lóðarinnar.

Við bundna byggingarlínu á suðurhlið lóðar er heimilt að gera inngangsanddyri allt að 2 metrum útfyrir bundna línu og allt að 3 metra breitt.

Bílastæði verði 3,5 metrum frá bundinni byggingarlínu lóðar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi og kemur í stað auglýsingar nr. 906/2005, sem birtist 17. október 2005.

*Akranesi, 19. október 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Innri-Akraneshreppi.

*Deiliskipulag fyrir 1. áfanga íbúðabyggðar í landi Kross, Innri-Akraneshreppi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Innri Akraneshrepps hinn 18. október 2005 samþykkt deiliskipulag að 1. áfanga íbúðabyggðar í landi Kross í Innri-Akraneshreppi. Deiliskipulagið nær yfir um 6,8 ha svæði og þar er gert ráð fyrir 124 íbúðum á 24 lóðum undir einbýlishús og 7 lóðum fyrir sambýlishús.

Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi

*Innri-Akraneshreppi, 19. október 2005.*

Oddviti Innri-Akraneshrepps,

**Ása Helgadóttir.**